

- útað skipshliðinni og taka þar við skýrslu skipstjóra og láta þar í tje 18
heilbrigðisvottorð; 26. febr.
- að það varði ekki við lög, að bátur úr landi eða frá öðru skipi komi að
aðkomuskipinu, áður en heilbrigðisvottorð er fengið, ef ekkert er aðgert
frekara en að hafa tal af skipverjum, en
- að þá sje lögbrot, ef þeir, er á bátnum eru, hafa frekari viðskipti við
skipverja, áður en heilbrigðisvottorð er fengið, og að þá eigi eptir at-
vikum að fara með bátinn sem aðkomuskip.

Brjef stjórnarráðsins til beggja amtmannanna um sóttgæzlu- 19
menn. Að gefnu tilefni er hjer með bannað sóttgæzlumönnum að leysa 29. febr.
skipstjóra á aðkomuskipi, nema brýna nauðsyn beri til, undan skyldu þeirri, er
á þeim hvílir samkvæmt 7. gr. sóttvarnarláganna frá 6. nóvbr. 1902, að ganga
sjálfir á land og lýsa komu sinni.

Þetta er yður, herra amtmaður, til vitundar gefið yður til leiðbeiningar
og frekari birtingar, og eruð þjer jafnframt umbeðinn að brýna fyrir lögreglu-
stjórum í ömtum yðar, að gæta þess að banni þessu sje hlýtt, og koma fram á-
byrgð á hendur þeim, er útaf því kynni að bregða.

Reglugjörð

um

hafnsögu á Ísafirði.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 26, 3. okt. f. á., er hjermeð eptir tillögum
bæjarstjórnarinnar á Ísafirði sett eptirfarandi reglugjörð fyrir hafnsögu í
kaupstaðnum:

1. gr.

Á Ísafirði skal vera einn hafnsögumaður, er landsstjórnin skipar til þess
eptir uppástungu bæjarstjórnarinnar á Ísafirði. Landsstjórnin getur þó, ef bæjar-
stjórnin óskar þess, skipað einn hafnsögumann í viðbót.

Nú veikist eða deyr hafnsögumaður, og skal þá bæjarfógetinn á Ísafirði
skipa einhvern mann til þess að gegna hafnsögumannsstörfum, til þess er lands-
stjórnin skipar nýjan hafnsögumann.

2. gr.

Sá, sem er skipaður hafnsögumaður, á að vera fullra 25 ára, laus við
drykkjuskap, áreiðanlegur og góður verkmaður og einkum vel kunnugur inn-
siglingunni, svo og þekkja nokkuð til þess, hvernig stjórna skal skipi. Hafn-

20

16. febr.

20 sögumaðurinn skal vera búsettur á Ísafirði, og á hann að rita undir eiðstaf um, 16. febr. að hann vilji með alíð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á honum hvíla.

3. gr.

Hafnsögumaður er undanþeginn hvers konar persónulegum störfum í bæjarþarfir, til þess að hann hindrist eigi frá að gegna skyldum sínum.

4. gr.

Hafnsögumaðurinn á að hafa hjá sjer eintak af reglugjörð þessari og hafnsögutaxtanum á íslenzku, dönsku og ensku til sýnis hverjum skipstjóra, er þess krefst, svo og hafnsögumerki, er hann ber á brjósti, skal andvirði þess greitt úr hafnarsjóði Ísafjarðar, og því skilað aptur óskemmdu við lok þjónustu hans. Hafnsögumaður skal hafa nægilega stóran bát til hafnsögunnar. Hefur lögreglustjóri eptirlit með bát þessum og heidur á honum skoðunargjörð að minnsta kosti einu sinni ár hvert. Hafnsögubáturinn skal vera auðkenndur með rauðum dúk í seglinu, eða veifu, er honum er róíð út í skip til hafnsögu. Slíkt segl má hafnsögumaðurinn eigi láta af hendi við aðra.

5. gr.

Hafnsögumaður á að hafa bók, löggilta af bæjarfógeta, er hann tilgreinir í nákvæmlega, hverjum skipum hann hefir vísað leið. Bæjarstjórnin semur form á bók þessari, og skal hún sýnd bæjarfógetanum að minnsta kosti einu sinni á ári.

6. gr.

Að jafnaði má hafnsögumaður ekki fara burtu úr bænum; þó má bæjarfógeti leyfa honum að bregða sjer í burtu, ef hann fær einhvern hæfan mann í sinn stað á meðan, er bæjarfógeti tekur gildan.

Þegar hafnsögumaður aldurs vegna eða heilsubreysts eða af öðrum ástæðum verður eigi lengur álitinn fær um að gegna stöðu sinni, veitir landsstjórnin honum lausn, ef kostur er á, með 3 mánaða fyrirvara.

7. gr.

Ef næm veikindi eru á aðkomuskipi, er hafnsögumaður vísar leið, ber honum að gæta fyrir mæla í lögum 6. nóv. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands, 3. kafla, 7. gr.

8. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varðar sektum frá 1—10 króna eptir úrskurði bæjarfógetans á Ísafirði, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

Í stjórnarráði Íslands, 16. febr. 1904.

Í fjarveru ráðherrans.

Kl. Jónsson,

settur.

Jón Hermannsson,
settur.